

Ný tækifæri til atvinnuþátttöku

Aðkoma atvinnurekenda í ljósi skýrslu örorkumatsnefndar

ÖBÍ, félagsmálaráðuneyti, ASÍ og SA

22. mars 2007

Hannes G. Sigurðsson




Fjölgun örorkulífeyrisþega

- Örorkulífeyrisþegar, að meðtöldum þeim sem fá endurhæfingarlífeyri, voru 14.082 í árslok 2006. Þeir voru um 8.000 í árslok 1997
- Örorkulífeyrisþegum fjölgaði um 926 árið 2004, 812 árið 2005 og 520 árið 2006
- Örorkumatsúrskurðir voru hins vegar 1.343 árið 2004, 1.291 árið 2005 og 1.176 árið 2006. Ástæður þess að örorkumöt eru fleiri en nettófjölgun örorkulífeyrisþega liggja m.a. í dauðsföllum og því að hluti öryrkja urðu ellilífeyrisþegar á þessum árum




Nýir örorkumatsúrskurðir 2004-2006



Kyn og aldur skipta máli varðandi örorkulíkur

Aldur þeirra sem fékk örorkumat 2006
Hlutfall af árgangi



- 17-20 ára:
 - sömu líkur hjá kynjunum
- 21-50 ára:
 - konur tvöfalt líklegri
- 51-60 ára:
 - konur 50% líklegri
- 75% < 60 ára
 - meðalaldur þeirra 41 ár



Fjölgun örorkulífeyrisþega hefur haft mikil vinnumarkaðsáhrif

	Staða 2003	Breyting frá 2003		
		2004	2005	2006
Áætlaður mannfjöldi 16-74 án flutninga	203.414	2.588	5.001	7.500
Mannafli m.v. 80% atvinnuþátttöku	162.700	2.100	4.000	6.000
Atvinnulausir	-5.400	500	1.100	400
Nýir örorkulífeyrisþegar		-1.300	-2.600	-3.800
Fjölgun háskólanema í dagskóla		200	-1.000	-1.300
Vinnuafli í boði	157.300	1.500	1.500	1.300
Starfandi	156.900	-800	4.400	12.700
Mismunur (framboð - eftirspurn)	400	2.300	-2.900	-11.400
Aðfluttir útlendingar 20-60 ára		500	3.400	7.800




Vinnumarkaðsáhrif fjölgunar örorkulífeyrispega

- Fjöldun íbúa á vinnualdri frá 2003 til 2006, án aðflutnings og brottflutnings íbúa, nam 7.500
- Miðað við 80% atvinnuþátttöku hefði framboð af starfandi átt að aukast um 6.000, að öðru óbreyttu
- Örorkumatsúrskurðir voru 3.800 samtals á þessum þremur árum þannig að vinnuafslsframboð landsmanna jókst aðeins um 2.200. Að teknu tilliti til fjölgunar háskólanema í dagskóla og breytinga í atvinnuleys nam framboðs aukningin aðeins 1.300
- Fjöldun starfa var hins vegar 12.700 sem mæta var með innflutningi erlendra starfsmanna og aukinni atvinnuþátttöku



Atvinnupátttaka öryrkja



Heimild: OECD, Transforming Disability into Ability, 2003, SA 2006



Lítill atvinnuþátttaka örorkulífeyrispega á Íslandi

- Um síðustu aldamót var atvinnuþátttaka öryrkja um 60% í Noregi, um 50% á öðrum Norðurlöndum og 44% að meðaltali í OECD
- Atvinnuþátttaka öryrkja á Íslandi var 27% árið 2004
- Fylgni er á milli atvinnuþátttöku í heild og atvinnuþátttöku öryrkja, nema á Íslandi og Póllandi
- Skýring á lágri atvinnuþátttöku öryrkja á Íslandi liggur líklega í tekjutengingu lífeyrisgreiðslna og rétti til greiðslu launa í veikindum hjá atvinnurekendum
- Í nýju kerfi þarf að huga að því að greiðslur launa í veikindum þeirra sem búa við skerta starfsorku falli ekki á atvinnurekendur til að liðka fyrir ráðningu þeirra



Nýtt örorkumat krefst breytinga í atvinnulífinu

- Ný aðferð við örorkumat mun auka framboð af starfsfólki sem ekki býr yfir fullri starfsgetu eða þarf að koma til móts við með einhverjum hætti
- Það verður mikilvægt úrlausnarefni fyrir atvinnulífið að koma til móts við þessar þarfir
- Það verður einnig mikilvægt að skapa jákvætt andrúmsloft í tengslum við þessar breytingar
- Breytingarnar eiga að geta stuðlað að virkari vinnumarkaði, meiri efnahagslegum árangri, meiri vellíðan, minni vanlíðan; m.ö.o. betra samfélagi



Sveigjanlegur vinnumarkaður

- Íslenski vinnumarkaðurinn býr við sveigjanlegar reglur varðandi ráðningar og uppsagnir
- Það er jákvætt fyrir þá sem hafa veika stöðu á vinnumarkaði þar sem atvinnurekendur eru tiltölulega óhræddir við að ráða fólk til vinnu




Sveigjanleg starfshlutföll

- Íslenski vinnumarkaðurinn býður upp á mjög mörg hlutastörf. Hlutastörf eru yfir 40 þúsund og nema um fjórðungi allra starfa
- Sú staðreynd vekur vonir um að unnt sé að ná góðum árangri við að finna hlutastörf fyrir marga sem nú eru á örorkulífeyri og hafa starfsgetu eða þá sem ella yrðu örorkulífeyrisþegar m.v. núverandi reglur
- Ísland er í hópi þeirra landa OECD sem býður upp á flest hlutastörf



Hlutastörf í % af störfum í heild



Ályktanir OECD 2003 um aukna atvinnuþátttöku öryrkja

- OECD telur að sama hugsun eigi að liggja að baki stuðningskerfi öryrkja og atvinnulausra
- áhersla á hvatningu, sérsniðna íhlutun snemma í ferlinu
- afnám hindrana fyrir atvinnuþátttöku
- gagnkvæmar skuldbindingar bótaþega og bótagreiðenda
- virk þátttaka atvinnurekenda



OECD um atvinnurekendur

- Virk þáttaka atvinnurekenda, einkum snemma á fjarvistaferli einstaklinga, er skilvirk leið til þess að tryggja endurkomu á vinnumarkað
 - OECD telur opinberar kvaðir um endurhæfingaráætlanir fyrirtækja geta verið áhrifamiklar, en þær tíðkast ekki víða (dæmi: Svíþjóð)
 - slíkar lagakvaðir krefjast hins vegar virks opinbers eftirlits, aðstoðar við fyrirtæki, eftirfylgni með því að staðið sé við fyrirheit og refsinga gegn fyrirtækjum sem víkjast undan skyldum
 - jafnframt þurfi að einstaklingar sem neita þátttöku í endurhæfingu að standa frammi fyrir skerðingu bóta



Starfsmannakvótar

- Þriðjungur ríkja OECD hefur skyldað bæði fyrirtæki og opinbera aðila með fleiri en 15-50 starfsmenn að hafa tiltekið hlutfall öryrkja í vinnu
 - Ítalía: 7% Frakkland: 6% Þýskaland: 5% Spánn: 2%
- Belgía og Portúgal leggja slíkar kvaðir einungis á opinbera aðila
- Bretland afnam slíkar kvaðir árið 1996, eftir að hafa búið við þær í áratugi, þar sem þær virkuðu ekki
- Í Þýskalandi mun hafa verið unnt að komast undan kvöðinni með því að greiða hærra launatengt gjald



Aðrar leiðir en kvótar

- Lagðar eru kvaðir á fyrirtæki og stofnanir um að útrýma hindrunum sem koma í veg fyrir ráðningu eða störf fatlaðra
- Sjálfviljugar aðgerðir með hvatningu og upplýsingaherferðum (Dæmi: Danmörk)
 - Upplýsingar um góða framkvæmd
 - Upplýsingar um slæma og forkastanlega framkvæmd
 - Styrkir til fyrirtækja sem ráða starfsmenn með skerta starfsorku



Nýleg reynsla í Noregi

- Við getum lært sitt hvað af samkomulagi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í Noregi um „Inkluderende arbeidsliv“ (skammst. IA, ísl: virkari þátttaka atvinnulífs)
- Markmið samkomulagsins er að koma til móts við þá hópa sem eiga erfitt með að standast settar kröfur á vinnumarkaði og laða þá að honum á ný eða koma í veg fyrir að þeir detti út af honum
- Þátttaka fyrirtækja í IA er á valfrjálsum grundvelli



Ályktanir ...

- Vinnumarkaður okkar er líkari þeim danska en öðrum og er nærtækast að leita fyrirmýnda þar þegar litið er til annarra landa.
- Ýmislegt er áhugavert í Noregi, en almennt ætti þó að varast fyrirmýndir á þessu sviði frá löndum eins og Svíþjóð og Noregi sem eiga heimsmet í langtímafjarvistum samhliða því að búa við hvað besta heilsufarið



... Ályktanir

- Finna þarf form á frjálsum samningum á milli fyrirtækja og þeirra aðila sem fara með málefni þeirra sem búa við skerta starfsorku. Sníða þarf ráðningarsamninga að þörfum þessa hóps með sveigjanlegum vinnutíma og afkastakröfum og láta kostnað vegna greiðslu launa í veikindum falla á sameiginlegan sjóðs
- Gefa þarf þeim aðferðum tækifæri, sem byggja á samstarfi og gagnkvæmum ávinningi, til þess að sýna fram á árangur áður íhugað verði að grípa til íþyngjandi stjórnvaldskvaða sem óhjákvæmilega yrðu umdeildar og geta skapað hættu á útbreiddri sniðgöngu meðal fyrirtækja (sbr. Bretland)

